



Reykjavík, 31. október 2024

FAS24100042

1210

Borgarráð

Tillaga um lántökur 2025

Lagt er til að borgarstjórn samþykki lántökur á árinu 2025 að fjárhæð 16.500 m.kr. til að fjármagna áformaðar fjárfestingar á árinu 2025 og til að fjármagna stofnframlög borgarinnar vegna byggingar og kaupa á almennum íbúðum. Ennfremur verði lántakan nýtt til fjármögnunar á stofnframlögum B-hluta fyrirtækja og hlutdeildarféлага. Jafnframt er lagt til að veita sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarviðs umboð f.h. Reykjavíkurborgar til þess að undirrita nauðsynlega gerninga sem tengjast skuldabréfaútgáfu borgarsjóðs, sem og til þess að taka á móti og undirrita, gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökum þessum, enda verði einstakar lántökur lagðar fyrir borgarráð til afgreiðslu.

Greinargerð:

Tillagan miðast við að um það bil 65% af fjárfestingum ársins 2025 séu fjármagnaðar með langtímalánum. Einnig stofnframlög borgarinnar til húsnæðissjálfsseignarstofnana og fyrirtækja sem uppfylla skilyrði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar vegna byggingar og kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og stofnframlög til B-hluta fyrirtækja og hlutdeildarféлага.

Gert er ráð fyrir að fjármögnun fjárfestinga verði með útgáfu í eftirtöldum skuldabréfaflokkum borgarsjóðs:

- RVK 32 1 sem er millilangur verðtryggður skuldabréfaflokkur.
- RVKN 35 1 sem er millilangur óverðtryggður skuldabréfaflokkur.
- RVKNG 40 1 sem er óverðtryggður grænn skuldabréfaflokkur.
- RVK 44 1 sem er langur verðtryggður skuldabréfaflokkur
- RVKG 48 1 sem er langur verðtryggður grænn skuldabréfaflokkur
- RVK 53 1 sem er langur verðtryggður skuldabréfaflokkur.

Ofangreindir skuldabréfaflokkar eru skráðir í kauphöll með viðskiptavakt að undanskildum RVKNG 40 1 og RVK 44 1 en til stendur að RVK 44 1 fari í viðskiptavakt við fyrsta útboð eftir að nafnverð útgáfu nemur 6.000 m.kr. Einn skuldabréfaflokkur RVKN 24 1 var á lokagjalddaga á árinu 2024. Á árinu voru gefnir út tveir nýir skuldabréfaflokkar, annars vegar óverðtryggður skuldabréfaflokkur RVKN 27 1 með lokagjalddaga 2027 og hins vegar verðtryggður skuldabréfaflokkur RVK 44 1 með lokagjalddaga árið 2044.

Jafnframt kemur til álita að fjármögnun ársins verði með útgáfum á nýjum skuldabréfaflokkum, beinni lántöku eða með öðrum hætti með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Á árinu 2024 var samið við Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) um 100 milljón evra fjármögnun vegna sérstaks viðhaldsverkefnis í grunnskólum og leikskólum, gert er ráð fyrir að dregið verði á lánið í samræmi við framgang verkefnisins og markaðsaðstæður á árinu 2025 og yrði sú lántaka hluti af lántökuáætlun ársins.

Einar Þorsteinsson